

Matslistar

Matslistar í raunfærnimati eru nú reglulega uppfærðir, alla jafna í beinu framhaldi af birtingu nýrra samþykktra námsbrautalýsinga á vef Menntamálastofnunar. Um 20 listar hafa þannig nýlega litið dagsins ljós en afar mikilvægt er fyrir framkvæmd raunfærnimatsins að styðjast alltaf við nýjustu útgáfur sem best er að nálgast með því að hafa samband við arnar@frae.is. Séu nýir listar unnir utan FA þarf einnig að senda þá til FA svo réttum verkfærum raunfærnimatsins sé haldið til haga á einum stað.

Málstofa um raunfærnimat í atvinnulífinu

Haldin var málstofa 18. september undir yfirskriftinni *Staðfesting á færni skiptir alla máli – Raunfærnimat gerir hæfni sýnilega og gefur henni gildi*. Á málstofunni fluttu Kristín Þóra Harðardóttir frá SA og Halldór Grönvold frá ASÍ hvort sitt erindið um Raunfærnimat í atvinnulífinu: Hugmyndafræði og framtíðarsýn. Þeim bar saman um mikilvægi tilraunaverkefnisins og að leggja verði áherslu á að byggja upp kerfi til framtíðar.

Hópur erlendra gesta tók þátt í málstofunni og þeirra á meðal var Pär Sellberg, sérfræðingur hjá Landsskrifstofu fagháskóla í Svíþjóð og Anni Karttunen, sérfræðingur í menntamálum hjá Globedu. Þau fluttu erindi um framkvæmd raunfærnimats í Svíþjóð og Finnlandi. Bæði Sellberg og Karttunen eru hluti af NVL neti um raunfærnimat.

Raunfærnimat er að hefjast á móti starfi fulltrúa hjá opinberum stofnunum. Framkvæmd er í höndum Starfsmenntar en matið fer fram á Vinnumálastofnunar á Skagatrönd og Íbúðarlánasjóði á Sauðárkróki. Einnig er hafið raunfærnimatsferli fyrir starfsfólk í verslun í samstarfi við Lyfju, Samkaup og Húsasmiðjuna. Mímir sér um framkvæmd raunfærnimatsins í því verkefni, en það er hluti af stærra samstarfsverkefni VR og Verslunarskóla Íslands.

Þjálfun vegna raunfærnimats

Haldið var eitt hefðbundið námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati dagana 15. og 16. október. Næsta námskeið er á dagskrá í maí 2020.

Þjálfun vegna raunfærnimats í atvinnulífinu hófst með sérsniðinni vinnustofu þar sem áhersla var lögð á fjölbreyttar aðferðir við raunfærnimat. Á þessari fyrstu vinnustofu tóku þátt matsaðilar sem munu meta hæfni á móti störfum í verslun og starfi fulltrúa hjá opinberum stofnunum. Matsaðilar koma frá Samkaup, Lyfju, Húsasmiðjunni, Vinnumálastofnun og Íbúðarlánasjóði. Einnig voru verkefnastjórar og aðrir sem koma að þessum hluta tilraunaverkefnisins þátttakendur í vinnustofunni.

Verkefnaskil til FA

Skilagrein vegna raunfærnimats hefur verið uppfærð og einfölduð en skil á þeim upplýsingum eru hluti af skilmálum Fræðslusjóðs. Ný uppfærsla á skilagreininni verður send samstarfsaðilum en hana má einnig finna á heimasíðu [FA](#). Aðgangsorð FA17. Skilagreinin er liður í EQM gæðaferlinu en auk skilagreinar eru upplýsingar skráðar í INNU.

VISKA verkefnið

Evrópuverkefninu VISKA lýkur senn og verður lokarárðstefna þess haldin í Brussel 12. febrúar 2020. Sjá má auglýsingu og dagskrá á heimasíðu verkefnisins www.viskaproject.eu

Tilraunahluti verkefnisins hefur gengið vel hér á landi, þar sem 50 innflytjendur tóku þátt í raunfærnimati hjá IÐUNNI fræðslusetri og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. FA og IÐAN hafa unnið að gerð landsskýrslu um niðurstöður verkefnisins í haust sem miðlað verður í byrjun næsta árs. Ljóst er að huga þarf að aðgengi innflytjenda að íslensku skólakerfi í kjölfar raunfærnimats.